

Viðauki II við samning mennta- og menningarmálaráðuneytis og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands

Neðangreint eru breytingar á rekstrarsamningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, kt. 460269-2969, og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, kt. 670169-0499, í viðauka þessum nefnt ÍSÍ, dags. 20. september 2018. Viðauki þessi er sérstaklega gerður til þess að styðja við iðkun íþróttá og ráðast í aðgerðir sem draga úr afleiðingum vegna heimsfaraldurs kórónaveiru Covid-19. Að öðru leyti vísast í ákvæði gildandi rekstrarsamnings ráðuneytisins við Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands.

1. Gildistími

Gildistími viðauka þessa er frá undirritun til 31. desember 2020.

2. Markmið, verkefni og starfsemi

2.1. Meginmarkmið með viðauka þessum er að:

- Fylgja eftir heimild í fjárukalögum 2020 um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldur kórónuveiru. Áttaksverkefni með styrkveitingum sem uppfylla grunnmarkmið fjárfestingaráttaksins um að styðja við eftirspurn og atvinnu til skamms tíma með arðbærum verkefnum. Styðja fjárhagslega við ÍSÍ og aðildarfélag þess svo tryggja megi íþróttaiðkun landsmanna á tímum heimsfaraldur kórónaveiru Covid-19.
- Tryggja að rekstur íþróttahreyfingarinnar geti haldið áfram á tímum samkomubanns og eftir að því lýkur svo þjónusta hennar skerðist eins lítið og mögulegt er vegna faraldursins.

2.2. Verkefni

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands skuldbindur sig að;

- nýta þennan fjárstuðning til íþróttahreyfingarinnar til þess að draga úr afleiðingum heimsfaraldursins á íþróttastarf í landinu,
- skilgreina viðmið sem notuð verða við úthlutun fjármagns og stuðning við íþróttafélög sem ráðherra samþykkir,
- kynna ráðuneytinu til samþykktar hvernig fyrirhugað er að dreifa fjárveitingum milli aðildarfélaganna og ÍSÍ kynnir úthlutun til sambandsaðila og aðildarféлага opinberlega í samstarfi við ráðuneytið,
- fylgjast sérstaklega vel með brottfalli úr íþróttum á samningstímanum og gerir tillögur til ráðherra sem draga úr brottvarfi barna og ungmenna úr íþróttum,
- fylgjast almennt með starfsemi íþróttafélaga sérstaklega á þessu ári og upplýsa ráðuneytið reglulega um áhrif þeirra aðgerða sem ráðist verður í samkvæmt viðaukanum,
- huga sérstaklega að verkefnum sem hvetja viðkvæma hópa til íþróttaiðkunar.

2.3. Starfsemi ÍSÍ og áherslur

- Um almenna starfsemi ÍSÍ vísast í ákvæði rekstrarsamningsins.
- Taka mið af stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum.
- Byggja á sjónarmiðum jafnræðis, kynjajafnréttis og gagnsæis í úthlutunum sínum vegna þeirra verkefna sem ráðist verður í á grundvelli viðauka þessa.
- Hafa viðbragðsáætlun ef upp koma mál er tengjast kynferðislegri áreitni, ofbeldi, einelti og annarri ógnandi óæskilegri hegðun meðal íþróttafólks.
- Fylgi áherslum fjárfestingaráttaks stjórnvalda.

3. Fjárhagsleg skuldbinding ráðuneytisins og ábyrgð

- 3.1. Styrkfjárhæðin sem ráðuneytið felur ÍSÍ til úthlutunar er 450 m.kr. og greiðir ráðuneytið styrkfjárhæðina í eingreiðslu á viðskiptabanka bankareiknings ÍSÍ eftir samkomulagi. Halda skal framlagi skv. viðauka þessum aðgreindu í bókhaldi ÍSÍ og skal tilgreina framlag ráðuneytisins í reikningum ÍSÍ með greinilegum hætti.
- 3.2. Ráðuneytinu er heimilt að endurkrefja um greiðslur uppfylli ÍSÍ ekki skyldur sínar samkvæmt viðauka þessum.
- 3.3. Heimilt er að útlagður kostnaður og þóknun til ÍSÍ vegna umsýslu framlagsins verði allt að 3 m.kr. af styrkfjárhæðinni.

4. Skil á upplýsingum og gögnum

Skilyrði fyrir þessu sérstaka tímabundna fjárfestingarátaki er að verkefnið hefjist eigi síðar en 1. september og verði að fullu lokið eigi síðar en 1. apríl 2021. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun taka saman skýrslu um hvernig hafi til tekist með fjárfestingarátakið.

Vegna þessa verða ábyrgðaraðilar einstakra verkefna að gera grein fyrir forsendum sem voru lagðar til grundvallar átaksins og því skuldbindur ÍSÍ sig til að standa skil á þeim upplýsingum sem óskað er eftir.

Gögn þurfa að liggja fyrir í lok apríl árið 2021 frá fagraðuneytum vegna einstakra verkefna í fjárfestingarátakanu og því þarf ÍSÍ að skila þeim til mennta- og menningarmálaráðuneyti eigi síðar en 12. apríl 2021.

5. Gildistími og lok samnings

- 5.1. Gildistími viðauka þessa er frá undirritun hans og til 31. desember 2020.
- 5.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði viðauka þessa verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 5.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja viðaukanum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 5.4. Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili.

Reykjavík, 29. apríl 2020



Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Láraus L. Blöndal, forseti
Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands